

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra  
Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.**

**I.**

Fullskipað kjararáð hefur í dag kveðið upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Meðal þeirra er framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., en hlutafélagalögum nr. 2/1995 var breytt með fyrrnefndum lögum þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör framkvæmdastjóra og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

**II.**

Kjararáð skrifaði framkvæmdastjóra og stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. (ÞK) bréf, dagsett 26. október 2009, og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og á hlutafélagalögum nr. 2/1995. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Fjármálaráðuneyti var skrifað sama dag og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið.

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður svöruðu með sameiginlegu bréfi dagsettu 5. nóvember 2009. Bréfinu fylgdi ráðningarsamningur frá janúar 2007 auk upplýsinga um breytingar á launum frá gerð hans. Bréfinu fylgdi enn fremur greinargerð um starfsemi félagsins og ársskýrsla fyrir árið 2008. Fram kom í bréfinu að breytingar hefðu orðið á kjörum framkvæmdastjóra í takt við árangur af starfi hans frá upphafi ráðningartíma. Stjórnin teldi þær breytingar mjög hóflegar miðað við þróun launa fyrir sambærileg störf hjá öðrum fyrirtækjum á sambærilegu sviði, jafnt í einkageiranum og hjá hlutafélögum í opinberri eigu. Skipulag félagsins hefði frá byrjun verið byggt upp með hagkvæmni og mikil afköst að leiðarljósi. Rík áhersla hefði verið lögð á mikla færni og mikið vinnuframlag starfsmanna, þar á meðal framkvæmdastjóra. Hann hefði unnið 55-60 tíma á viku, þar á meðal væri vinna á starfstöð, heimavinna auk funda utan hefðbundins vinnutíma. Þessi umframvinna væri innifalin í heildarlaunum. Framkvæmdastjórinn sæti í stjórnnum tveggja félaga fyrir hönd ÞK. Annars vegar sæti hann í stjórn Keilis - miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs og fyrir það þægi framkvæmdastjórinn sérstök stjórnarlausn. Hins vegar sæti hann í stjórn Heilsufélags Reykjaness ehf. og gegndi jafnframt stöðu framkvæmdastjóra í félaginu. Störf fyrir Heilsufélag Reykjaness ehf. væru ekki launuð sérstaklega heldur væri það talið hluti af núverandi starfi framkvæmdastjóra. Heilsufélag Reykjaness ehf. hefði verið stofnað um uppbyggingu á heilsutengdum tækifærum á Reykjanesi og væri meginmarkmið félagsins að skapa 300 störf á heilbrigðissviði.

Í greinargerð um starfsemi félagsins sem fylgdi áðurnefndu bréfi stjórnarformanns og framkvæmdastjóra segir að verðmæti eigna ríkisins á Keflavíkurflugvelli hafi verið metið á 4-

5 milljarða króna. Nú þegar hefði verið skilað um 3,5 milljörðum króna í tekjur til ríkissjóðs vegna sölu á eignum og áætlað væri að 3,3 milljarðar bættust við á árinu og hefði félagið selt 70% af þeim eignum sem því var falin til umsýslu. Á móti hefði það fengið 2,2 milljarða frá ríkissjóði. Helstu þróunarverkefni sem komin væru til framkvæmda á svæðinu væru: Keilir - miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, Háskólavellir - háskólagarðar, Tæknivellir - iðngarðar, alþjóðlegt kvikmyndaver, Verne - grænt gagnaver, Heilsufélag Reykjaness, Gagnavarslan, Eldey, frumkvöðla- og orkusetur o.fl. Auk þess ynni félagið að ýmsum verkefnum á grundvelli þjónustusamnings við íslenska ríkið.

Í ráðningarsamningi sagði að framkvæmdastjóri færi með daglega stjórn félagsins. Hann væri æðsti starfsmaður þess, sækti vald sitt til stjórnar og bæri ábyrgð gagnvart henni. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur væri sex mánuðir. Félagið legði honum til bifreið til fullra afnota, honum að kostnaðarlausu. Félagið bæri kostnað framkvæmdastjóra af hlunnindaskatti bifreiðar og bættist jafngildi þeirrar upphæðar við laun hans. Félagið legði honum til fartölvu og farsíma og greiddi allan kostnað af notkun farsíma og heimasíma, svo og af uppsetningu og rekstri nettengingar á heimili framkvæmdastjóra. Félagið greiddi samtals 10% iðgjald af launum í lífeyrissjóð, þar með talið í séreignasjóð. Framkvæmdastjórinn skyldi helga félaginu alla starfskrafta sína.

Bréf, dagsett 18. nóvember 2009, barst frá fjármálaráðuneytinu. Í því komu ekki fram sérstök sjónarmið um laun og starfskjör framkvæmdastjórans.

Með bréfi, dagsettu 18. janúar 2010, kynnti kjararáð framkvæmdastjóranum drög að fyrirhuguðum úrskurði um almennar forsendur ákvörðunar um laun og fyrirhugaða ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og gaf honum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðið.

Framkvæmdastjórinn sendi bréf, dagsett 31. janúar 2010. Í því kemur meðal annars fram sú skoðun að ákvörðun kjararáðs geti fyrst komið til framkvæmda eftir að uppsagnarfresti lýkur, segi annar hvor aðili samningsins honum upp með formlegum og skriflegum hætti í samræmi við ákvæði hans. Krafðist hann rökstuðnings fyrir því hvers vegna boðuð hlutfallsleg lækkun launa hans væri miklu meiri en samkvæmt fyrri úrskurðum kjararáðs (5-15%). Taldi hann fyrirhugaða lækkun óhóflega. Mótmælti hann þeirri túlkun kjararáðs að eftir gildistöku laga nr. 87/2009 næði uppsagnarákvæði ráðningarsamnings eingöngu til ráðningarinnar sjálfrar. Afnáam bifreiðahlunninda framkvæmdastjóra mundi leiða til óhagræðis fyrir félagið og ekki til lægri kostnaðar þegar á heildina væri litið. Hann óskaði eftir því að kjararáð endurskoðaði fyrirhugaða ákvörðun þannig að launalækkun yrði ekki meiri en 5-15%, uppsagnarfrestur samkvæmt ráðningarsamningi yrði virtur og drög að ákvörðun um bifreiðahlunnindi yrðu endurskoðuð.

Kjararáð sendi framkvæmdastjóranum bréf, dagsett 9. febrúar 2010, og gaf honum kost á að koma frekari sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við ráðið. Bréfinu fylgdi rökstuðningur kjararáðs fyrir fyrirhugaðri ákvörðun um launakjör hans, þar sem meðal annars kom fram við hvað hún væri miðuð.

Andmælabréf barst frá framkvæmdastjóranum, dagsett 18. febrúar 2010. Í því voru gerðar athugasemdir við að mánaðarlaun hans væru miðuð við mánaðarlaun forstöðumanns Fasteigna ríkisins, forstjóra Fasteignaskrár Íslands og forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, en staða hans og framangreindra forstjóra væri ólík. Þar nægði að nefna ólíkan starfsgrundvöll en hann starfaði samkvæmt ráðningarsamningi við stjórn, sem væri einkahlutafélag að fullu í eigu ríkisins. Þá væri fullyrðingu kjararáðs að gætt hefði verið meðalhófssjónarmiða mótmælt sem rangri. Í drögum að ákvörðun kjararáðs fælist um 50% lækkun launa hans, en þau hefðu þegar verið lækkuð um 10% í kjölfar þeirra efnahagsþrenginga sem orðið hefðu. Hann mótmælti einnig fyrirhugaðri ákvörðun um bifreiðahlunnindi, en frá upphafi hefðu

sérstök sjónarmið ráðið för varðandi notkun framkvæmdastjóra BK á bifreið félagsins, enda færi stór hluti starfa hans fram utan skrifstofu félagsins. Að lokum vísaði hann í athugasemdir í fyrra bréfi, sem vörðuðu uppsagnarfrest samkvæmt ráðningarsamningi, andmælarétt stjórnar og árangur í starfi.

### III.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. var stofnað 24. október 2006 í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um framtíð svæðisins á Miðnesheiði þar sem varnarlið Bandaríkjahers hafði aðsetur. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 var mörkuð stefna um hvernig staðið yrði að umbreytingu varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli. Stofnað yrði hlutafélag í eigu ríkisins um framtíðarþróun og umbreytingu svæðisins. Verkefni félagsins yrði að koma svæðinu og mannvirkjum á því í arðbær borgaraleg not. Sveitarfélögum á Suðurnesjum yrði boðin aðild að stjórn félagsins.

Sett voru lög nr. 176/2006 um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Í 4. gr. laganna segir að heimilt sé að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. að annast í umboði ríkisins umsýslu fasteigna á svæði sem koma á hið fyrsta í arðbær borgaraleg not. Enn fremur væri heimilt að fela félaginu umsýslu tiltekinna fasteigna á flugvallarsvæði og önnur verkefni sem tengdust framtíðarþróun og umbreytingu svæðisins.

Í samþykktum félagsins segir að félagið muni á grundvelli þjónustusamnings við ríkið annast rekstur, umsjón og umsýslu tiltekinna eigna ríkisins á svæðinu, þ.m.t. umsjón með sölu og útleigu eigna, hreinsun svæða, niðurrif mannvirkja og aðra skylda starfsemi. Stjórn félagsins ráði framkvæmdastjóra sem hafi með höndum stjórn á daglegum rekstri og komi fram fyrir hönd félagsins í öllum málum sem varði daglegan rekstur.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gildi frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði um almennar forsendur nr.

2010.4.001, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórnar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna framkvæmdastjóra ÞK, þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars miðað við mánaðarlaun forstöðumanns Fasteigna ríkisins, forstjóra Fasteignaskrár Íslands og forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, en þeir eru í launaflokkum 133-135. Þá hefur kjararáð við ákvörðun eininga gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félaga í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Kjararáð hefur fjallað um setu framkvæmdastjórnans í stjórnnum tveggja félaga fyrir hönd ÞK, þ.e. Keilis - miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs og Heilsufélags Reykjaness ehf., og er niðurstaða ráðsins að seta hans í stjórnunum teljist hluti af aðalstarfi og verði ekki launuð sérstaklega.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra ÞK.

## V.

**Ákvörðunarorð**

Frá og með 1. mars 2010 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-135, nú 682.032 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Kjósi framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem hér eru ákveðin, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Seta framkvæmdastjórans í stjórnnum tveggja félaga fyrir hönd Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., þ.e. Keilis - miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs og Heilsufélags Reykjaness ehf., telst hluti af aðalstarfi og verður ekki launuð sérstaklega.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.

---

Guðrún Zoëga

---

Jakob R. Möller

---

Jónas Þór Guðmundsson